
MYNDLIST/*Gjafir eru kjarni íslenskra listasafna ...*

Stórfengleg listaverkagjöf Errós

Í GÆR hófst á Kjarvalsstöðum mikil sýning á málverkum eins fremsta núlifandi listamanns Íslendinga, Errós. Við opnunina tilkynnti Davíð Oddsson, borgarstjóri, að listamaðurinn hafi gefið Listasafni Reykjavíkur stórkostlegt safn verka sinna til varðveislu. Er hér um að ræða eina stærstu listaverkagjöf, sem íslensku safni hefur nokkurn tíma verið færð. Af þessum sökum verður að telja laugardaginn 16. september 1989 einn af mestu happadögum íslenskrar listasögu.



Erró — ómetanlegur heiður.



eftir Eirík Þorláksson

Erró (Guðmundur Guðmundsson) er sá íslenskur listamaður, sem hefur náð hvað mestum frama í hinum alþjóðlega listheimi. Hann hefur náð að skapa sérstæðan stíl, sem hann hefur stöðugt þróað og endurnýjað frá því snemma á sjöunda áratugnum. Auk-inn hróður hans hefur borist víða, og má finna nýleg dæmi þess að list hans sé metin að verðleikum víða um heim; verk hans skipa mikilvægan sess á stórri yfirlitssýningu á alþjóðlegri list, sem nú er haldin í Moskvu, og nýverið var Erró sæmdur hærri gráðu af „Ordre des Arts et des Lettres", þekktu heiðursmerki fyrir listamenn í Frakklandi.

Verk Errós er að finna í listasöfnum víða um heim, og engin listasaga síðustu þriggja áratuga verður samin án þess að verk hans hljóti þar sinn sess. Hann hefur starfað og sýnt víða, en mest í Frakklandi; þar hefur Erró einnig unnið talsvert fyrir opinbera aðila, bæði ríki og bæjarfélög, og er ekki að efa að mörgum söfnum í Frakklandi þætti mikill sómi að því að fá að hýsa verk listamannsins. Í ljósi þessa er listaverkagjöfin ómetanlegur heiður fyrir Reykjavík og raunar alla Íslendinga.

Gjöfin samanstendur af hundruðum verka af ýmsu tagi. Í henni er mikill fjöldi málverka, þar af mörg úr þekktum flokkum verka sem Erró hefur gert. Einnig eru í henni grafísk verk og teikningar, allt mikilsverð verk. Loks er að nefna samklippur, en þær hafa löngum verið grunnurinn að öllum stærri málverkum hans. — Þessi verk Errós eru allt frá æskuverkum til listaverka sem gerð hafa verið síðustu ár og verða kjarni í Erró-safni, sem væntanlega mun fljótlega stækka umtalsvert og Íslendingar munu verða stoltir af í framtíðinni.

Gjöfina er auðvitað ekki hægt að meta til fjár, en ljóst er að samanlagt verðmæti verkanna er hið minnsta myndarleg níu stafa krónutala. Það er því mikið traust sem Erró sýnir Listasafni Reykjavíkur með því að ákveða að þar skulu verk hans varðveitt.

Með þessum verkum geta Íslendingar í fyrsta sinn státað af því að listasafn hér á landi bjóði upp á sýningar á alþjóðlegri samtímalist úr eigin safni, því að listaverk Errós eru fyrst og fremst hluti af heimsmenningunni. Nú verður til staðar í Reykjavík bæði hin sérstæða myndlist okkar kunnu meistara, sem sumir eiga vart sinn líka annars staðar, og alþjóðalist eftir myndlistarmann, sem kemur úr íslenskum jarðvegi og hefur haldið fullum tengslum við land og þjóð, en jafnframt þróað list sína inn í þá hringiðu heimslistarinnar, sem við tengjumst sífellt sterkari böndum.

Listaverkagjöf Errós leiðir hugann að öðrum stórgjöfum, sem listamenn og listunnarar hafa fært þjóðinni. Ef grannt er skoðað, hafa slíkar gjafir orðið upphafið að flestum listasöfnum hérlendis og myndað kjarna þeirra. Vert að nefna nokkrar af þessum merku gjöfum í tilefni tilkynningar borgarstjóra í gær. Safn Einars Jónssonar var gjöf listamannsins til þjóðarinnar og sömu sögu er að segja um Safn Ásgríms Jónssonar (gjöf Ásgríms Jónssonar til þjóðarinnar, sem nú er undir stjórn Listasafns Íslands). Listaverkagjöf Ragnars Jónssonar varð stofninn að Listasafni ASÍ, og gjafir Ásmundar Sveinssonar og Jóhannesar Kjarvals urðu að Safni Ásmundar Sveinssonar og Kjarvalsstaðir voru reistir til að hýsa. — Einnig má nefna að Gunnlaugur Scheving gaf fjölda listaverka sinna til Listasafns Íslands og sömu sögu er að segja um þann merka listaverkasafnara og listvin, Markús Ívarsson. Þá er ótalinn fjöldi gjafa frá listamönnum, ættingjum þeirra svo og öðrum listunnendum, til safna á höfuðborgarsvæðinu og ekki síður til héraðs- og byggðasafna víða um land.

Þannig má landsmönnum vera ljóst, að myndlistin er almenningseign fyrst og fremst fyrir tilstilli listaverkagjafa til hinna ýmsu safna. Og þannig hlýtur það að verða áfram. Listaverk hafa stigið mjög í verði hin síðari ár og næsta víst að opinber framlög til listaverkakaupa fyrir söfnin munu tæpast ná að halda í við þá þróun hér innanlands, hvað þá heldur þegar boðið er í verk í samkeppni við söfn og safnara erlendis. Því má segja að gjafir listamanna og listvina hafi verið og muni um ókomna framtíð vera kjarni íslenskra listasafna.

En slíkar gjafir leggja einnig miklar kvaðir á þá sem þær þiggja. Í fyrsta lagi þarf að hýsa þær sómasamlega, þannig að listin sé aðgengileg. Jafnframt þarf að varðveita verkin við fullkomnar aðstæður, með tilliti til ytri aðstæðna, svo sem lýsingar, lofthita og rakastigs. Listaverk þarf að tryggja á öruggan hátt og þau þurfa stöðugt eftirlit og jafnvel viðhald, til að komandi kynslóðir fái notið þeirra um ókomna tíð; það er frumskylda allra listasafna að standa vel að þeim málum. — Einnig er sú skylda lögð á listasöfn, að í þeim sé aðstaða fyrir fræðimenn og aðra til rannsókna og fræðistarfa, til að unnt sé að auka stöðugt skilning fólks og áhuga á þeirri myndlist, sem þar finnst. Því miður er nú mjög misjafnt, hvernig söfnum gengur að uppfylla það síðastnefnda og kemur þar þrálátur fjárskortur til. Það fylgir því gjöfinni mikil ábyrgð og er vonandi að borgaryfirvöld beri gæfu til að sýna verkum Errós þann sóma sem þau eiga skilið, og nái að skapa þeim þær aðstæður, að bæði listunnendur og fræðimenn fái notið verkanna sem best, og þau verði til þess að auðga íslenskt listalíf um ókomna tíð. Þá verður gaman að lifa fyrir íslenskt áhugafólk um myndlist.



Fer inn á lang flest heimili landsins!

Morgunblaðið

WordPerfect II. Útg. 5.0. 26.-28. sept. kl. 13-17

(Orðsnilld) fyrir lengra komna. Kafað enn dýpra í ritvinnsluna WordPerfect, t.d. er farið í samsteypur, teiknun, reikning, textadálka, fjölva, kaflaham o.s.frv.

Allar nánari upplýsingar og bókanir hjá Ásrúnu Matthíasdóttur Einari J. Skúlasyni hf. Grensásvegi 10, sími 686933.

ATH: VR og fleiri stéttarfélög styrkja félaga sína til þátttöku.

Tölvuskóli Einars J. Skúlasonar hf.

auglýsing



ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN HF

Vetrartíminn hjá SJÓVÁ-ALMENNUM er frá níu til fimm

Haustið er komið og veturinn nálgast óðum. Hjá SJÓVÁ-ALMENNUM skiptum við yfir í vetrarafgreiðslutíma sem er frá klukkan níu til fimm. Vetrartíminn gildir frá 15. september til 1. maí.

SJÓVÁ ALMENNAR